

Súðavíkurhreppur  
Árni Traustason,  
byggingarfulltrúi  
Grundarastræti 3  
420 Súðavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140300081/ksj

### **Tillaga að deiliskipulagi. Reykjanes við Djúp, Súðavíkurhreppur**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á Reykjanesi við Djúp.

#### **Náttúruminjar**

Reykjanes við Ísafjörð er svæði á náttúruminjaskrá, en í skránni eru svæði sem vert þykir að vernda. Í náttúruminjaskránni kemur fram að svæðið er nr. 321 og þar segir: „Reykjanes við Ísafjörð, Súðavíkurhreppi, N-Ísafjarðarsýslu. Allt nesið norðan Rauðagarðs. Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmýndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.“

#### **Umhverfismat**

Við skoðun mismunandi kosta kemur fram að uppbygging á öllu nesinu sé ekki í samræmi við sögu svæðisins og muni því breyta ásýnd þess verulega. Umhverfisstofnun tekur undir þetta og telur áætlaða frístundabyggð á þremur mismunandi svæðum á nesinu muni breyta ásýnd Reykjanes verulega og hafa neikvæð sjónræn áhrif á svæði á náttúruminjaskrá..

#### **Atvinnustarfsemi**


Að mati Umhverfisstofnunar er það svæði sem nýtt hefur verið fyrir atvinnustarfsemi og skóla/hótelstarfsemi hentugt fyrir uppbyggingu á svæðinu, enda hefur svæðið orðið fyrir röskun í tímans rás. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá uppbyggingu, ef ekki er verið að raska náttúruminum. Gæta þarf að aðgengi almennings meðfram ám, sjó og vötnum skv. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð. Ef áætlanir eru um heita potta eða aðra aðstöðu í fjöru þá þurfa það að vera afturkræfar framkvæmdir og mega ekki hefta aðgengi almennings. Öll slík starfsemi þarf að vera í samvinnu við heilbrigðiseftirlit á svæðinu. Einnig er mikilvægt að uppbygging ferðaþjónustu falli vel að náttúruminum, eldri byggingum og menningarminum.

## Frístundabyggð

Að mati stofnunarinnar er annað mál með frístundabyggðir sem dreifa á um nesið. Eins og fram kemur hér að ofan er Reykjanesið allt á náttúruminjaskrá vegna sérstæðrar náttúru og fjölskrúðugs fuglalífs. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki ásættanlegt að raska því umhverfi með frístundabyggð, og bendir stofnunin á svæði í grennd við nesið sem ekki eru á náttúruminjaskrá. Að mati stofnunarinnar er það ekki í samræmi við markmið deiliskipulagsins um nýtingu Reykjaness á sjálfbæran hátt að dreifa frístundalóðum um ósnortin svæði á neginu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

